

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. kemur nýr málsl. svohljóðandi: Seljandi skal festa greiðslukvittun sjóðsvélar við frumrit ávísunarinnar.
- b. Við greinina bætist svohljóðandi málsgrein: Ríkisskattstjóri staðfestir form endurgreiðsluávísana.

2. gr.

Orðin: „í innsigliðum umbúðum“ í 1. málsl. 2. og 3. mgr. 5. gr. falla brott.

3. gr.

Tafla í lið C í fylgiskjali orðist svo:

Sölufráhæðir í viðkomandi þrepi	Endurgreiðsla á 14% virðisaukaskatti	Endurgreiðsla á 24,5% virðisaukaskatti
1.001-2.000	150	250
2.001-3.000	200	350
3.001-4.000	250	450

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 7. júní 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Páll Jóhannesson.